

Vesturbyggð
Ármann Halldórsson,
forstöðumaður tæknideildar
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður



Reykjavík, 17. apríl 2013
Tilvísun: UST20130400076/há

Deiliskipulag í Vesturbotni í Vesturbyggð

Vísað er til erindis Vesturbyggðar dags 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Vesturbotni í Patreksfirði.

Deiliskipulagssvæðið er í landi jarðarinnar Vesturbotns innst í botni Patreksfjarðar og er um 300 ha að stærð. Á því svæði er gert ráð fyrir frístundabyggð, stækkun golfvallar og fólkvangi sem tillaga er um að stofna á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar kemur ekki skýrt fram á uppdrætti hver mörk deiliskipulagssvæðisins eru innan jarðarinnar Vesturbotn.

Birkikjarrlendi og skógrækt

Í umfjöllun um skógræktarsvæði í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir landgræðslu og skógrækt á svæði sem er utan lóða fyrir frístundabyggð. Í greinargerð segir einnig að beggja vegna Ósár er náttúrulegt birkikjarrlendi og að taka skuli mið af því við tegundaval og gróðursetningu og að raska skuli þeim svæðum sem allra minnst.

Umhverfisstofnun tekur undir að rask á náttúrulegu birkikjarrlendi verði sem allra minnst og leggur áherslu á að gróðursetning taki mið af því tegundarvali, þ.e. að einungis verði notast við innlendar tegundir til gróðursetningar. Þar sem væntanleg frístundabyggð er á svæði þar sem er talsvert um náttúrulegt birkikjarr og áform er um að friðlýsa svæði utan frístundabyggðar, vill Umhverfisstofnun benda á að í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilstærkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.: „*Áhersla verður lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því samhengi eru m.a. votlendi og birkiskógar.*“ Samkvæmt stefnumörkun skal einnig stefna að því að hafnar verði markvissar tilraunir og aðgerðir við endurheimt birkiskóga. Þar sem mikilvægu vistkerfi er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta

sambærileg landsvæði.

Í skýrslu frá umhverfissráðuneytinu frá árinu 2007, sem ber heitið „Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga“ kemur fram að „hinn 15. Júní 2006 skipaði umhverfissráðherra nefnd sem var falið:

-Að kortleggja ógnir sem stöðja að íslenskum birkiskógum

-Að móta tillögur um hvernig megi efla vernd og endurheimt birkiskóga á Íslandi

-Að gera tillögur að leiðbeiningum vegna athafna sem hafa áhrif á birkiskóga.“

Í áðurnefndri skýrslu kemur fram að nefndin leggur til að „Sett verði opinber markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatamáli landsins.“

Í niðrulagi skýrslunnar eru tillögur ásamt greinargerð þar sem segir „Fyrir framtíð birkivistkerfisins á Íslandi telur nefndin mikilvægt að vernda birkiskóga sem fyrir eru og auka útbreiðslu þeirra.“ Lögð er áhersla á að „Gamlir Íslenskir birkiskógar eru auðlind sem fela í sér bæði náttúru og nýtingarferleið sem ekki er annars staðar að finna.“

Með framangreindri stefnumörkun hafa stjórnvöld markað stefnu um verndun birkiskóga, samanber 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Með tilliti til þess telur Umhverfisstofnun að skipuleggja eigi svæði fyrir frístundabyggð utan náttúrulegra kjarri vaxinna svæða, en ekki innan þeirra. Í 36. gr. fyrrgreindra laga segir um ræktun: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.“ Þar sem sveitafélagið áætlar að friðlýsa svæði utan golfvallar og frístundabyggðar, telur Umhverfisstofnun æskilegt að lögð verði áhersla á að notast verði við innlendar tegundir til gróðursetningar. Með því verður verndargildi svæðisins viðhaldið og stuðlað að endurheimt náttúrulegra birkiskóga.

Í greinargerð kemur fram að tegundaval á öðrum svæðum geti verið fjölbreyttara og grundvallað á skógræktarskilyrðum og aðstæðum sem unnið verður að í tengslum við Skjólaskóga á Vestfjörðum og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við það en ítrekar að í og við birkikjarrlendi verði íslenskar tegundir fyrir valinu.

Náttúruminjar og náttúruvernd

Um náttúruvernd segir í greinargerð „Sveitastjórn hefur hug á að skilgreina þann hluta jarðarinnar sem ekki er ætlaður fyrir golfvöll og frístundabyggð sem fólkvang með það í huga að friðlýsa svæðið skv. náttúruverndarlögum. Í tillögu að aðalskipulagi fyrir Vesturbyggð er það skilgreint sem hverfisverndarsvæði vegna fjölbreytts landslags og áhugaverðs útivistarsvæðis.“

Umhverfisstofnun tekur undir ofangreinda stefnu sveitarstjórnar og telur afar áhugavert að unnið verði að stofnun ofangreinds fólkvangs sem mun stuðla að útivist almennings á svæðinu.

Mannvirki

Í greinargerð segir að umrætt deiliskipulag nái til alls 25 lóða sem flestar eru um 1,5 ha. Lögð verður áhersla á að mynda heildstætt frístundahverfi, sem falli sem best að umhverfinu. Öll mannvirki, sumarþústaðir, lóðarmörk og bílastæði verði eins lítið áberandi og frekast er kostur. Umhverfisstofnun tekur undir að lögð sé áhersla á að frístundabyggð falli sem best að umhverfinu með vísan í 35. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 sem fjallar um hönnun mannvirkja, en þar segir að: „Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annara mannvirkja

skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.“ Umhverfisstofnun ítrekar að við framkvæmdir á svæðinu s.s. vegframkvæmdir og byggingar frístundahúsa verði forðast eins og kostur er að ryðja birkikjarr.

Fram kemur í greinagerð að fyrir er 9 holu golfvöllur á um 15 ha svæði. Gert er ráð fyrir stækkun vallarins í 40 ha í samræmi við aðalskipulag Vesturbyggðar 2006 – 2018.

Veitur og lagnir

Í greinagerð segir að gert sé ráð fyrir að lagnaleiðir verði meðfram vegum og stígum. Staðsetning rotþróa og frárennslislagna fyrir hvern bústað verða á byggingarnefndarteikningum. Rotþrær skulu ekki vera nær lóðarmörkum en 25 m. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að mikilvægt er að vel sé gengið fá allri fráveitu sbr. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Samræmi við skipulagsáætlanir

Í Aðalskipulagi Vesturbyggðar segir um frístundabyggð í Vesturbotni „Tillaga að deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir 24 lóðum og er svæðið um 40 ha.“ Umhverfisstofnun bendir á að í deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir 25 lóðum.

Niðurstöður

Stofnunin bendir á að deiliskipulagstillaga samræmist ekki aðalskipulagi þar sem gert er ráð fyrir einungis 24 lóðum undir frístundabyggð en ekki 25 eins og fram kemur í deiliskipulagstillögu.


Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að við deiliskipulagningu frístundabyggðar í Vesturbotni og áætlanir um skógrækt á svæðinu verði skipulag í samræmi við áætlanir um friðlýsingu svæðis utan frístundabyggðar. Stofnunin leggur áherslu á að verndargildi svæðisins verði viðhaldið með því að stuðla að náttúrulegri framvindu gróðurs á svæðinu og notast við innlendar tegundir til landgræðslu og skógræktar.

Að öðru leyti en því er að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi í Vesturbotni í Patreksfirði.

Virðingarfyllt



Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur